

TÆKNILEGAR

UPPLÝSINGAR

PEMA:

LÍFVERUR Á HREYFINGU

HIKMYND (E. TIME-LAPSE)

Hægt er að nota hikmyndartækni til að greina fyrirbæri, ferli eða hreyfingar lífvera sem eru mjög hægar og erfiðar fyrir mannsauga að greina.

TÆKNIN OG NOTKUN HENNAR

Fyrst þarf að ákveða hvað eigi að mynda síðan að velja annan af þessum tveimur möguleikum.

a) Hikmyndaskeið gert af einstökum myndum

Myndaðu viðfangsefnið með reglulegu millibili t.d. á fimm sekundna fresti. Hafðu myndavélina í ákveðinni stöðu til að myndskleiði verði samfelld og án hnökra.

b) Hikmyndaskeið gert með venjulegri klippingu

Taktu upp myndskleið í einni stöðu. Notaðu síðan hugbúnað eða app til að hraða myndskleiðinu.

Hvað þurfið þið?

- Upptökutæki (Myndavél, spjaldtölva, snjallsími o.s.frv.)
- Hugbúnað (fyrir tölvu) eða app til að vinna úr upptöku
- Þrífót eða annað til að halda upptökutæki stöðugu

Ábending! Athugaðu einnig öpp sem taka upp og búa til hikmynd í einu og sama appinu

HÆGMYND (E. SLOW-MOTION)

Hægt er að nota hægmynd til að fylgjast með og skrá hröð ferli og hraðar hreyfingar lífvera.

TÆKNIN OG NOTKUN HENNAR

Taktu upp venjulegt myndskleið og hægðu á því eftir á með forriti eða appi. Einnig er mjögulegt að taka upp myndskleið, með hægmynda appi (þar sem hægt er að taka fleiri myndir á sekúndu en venjulegar upptökur gera).

a) Hægðu á myndskleiði

Taktu upp myndskleið í einni stöðu. Notaðu hugbúnað Eða app til að hægja á myndskleiðinu.

b) Nota hægmyndaapp

Taktu upp myndskleið með hægmyndaappi sem sér sjálfkrafa um eftirvinnslna.

Hvað þurfið þið?

- Upptökutæki (háhraða myndavél, spjaldtölva, snjallsíma o.s.frv.)
- Hugbúnað (fyrir tölvu) eða app til að vinna úr upptöku
- Þrífót til að halda upptökutæki stöðugu



MYNDARUNA

Myndaruna gerir mögulegt að tengja saman nokkar myndir og tengja þær saman í myndaröð með hljóði og texta.

TÆKNIN OG NOTKUN HENNAR

Ljósmyndir eru tengdar saman í myndarunu með notkun sérstaks hugbúnaðar.

Að búa til myndarunu

Takið ljósmynd af viðfangsefninu á mismunandi tíma en einnig frá mismunandi sjónarhornum. Veljið myndir til að nota í myndarununa/myndasöguna. Notið app fyrir síma eða spjaldtölvur eða hugbúnað fyrir tölvur. Bætið við tónlist og texta til að gera söguna skemmtilega.

Hvað þurfið þið?

- Upptökutæki (háhraða myndavél, spjaldtölvu, snjallsíma o.s.frv.)
- Hugbúnað (fyrir tölvu) eða app til að vinna úr upptöku
- Þrífót til að halda upptökutæki stöðugu

